

Neytendasamtökin
í tímans rás

Alþjóðadagur
neytenda

Vanilluræktun
í vanda



Neytenda*blaðið*

***Matur
og merkingar***

MARS 2020

Efni

Frá NS	3
Gjafabréf	4
Matvælamerking	5
NS í tímans rás	8
Varasöm netkaup	12
Frá formanni	13
Alþjóðadagur	14
Músagangur	17
Spurt og svarað	18
Rafmagnsveitur	20
Neytendamolar	21
Vanillurækt	22



Neytendablaðið

1. tbl. 66 árgangur 2020
Útgefandi: Neytendasamtökin, Hverfisgötu 105, 101 Rvk.
Sími: 545 1200
Veffang: www.ns.is
Netfang: ns@ns.is
Ritstjóri: Brynhildur Pétursdóttir
Ritstjórn: Brynhildur Pétursdóttir, Breki Karlsson,
Ívar Halldórsson
Ábyrgðarmaður: Breki Karlsson
Umbrot og hönnun: Arnar Tr.
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja
Forsíðumynd: Istockphoto
Upplag: 8.300 eintök
Árgjald Neytendasamtakanna 2020 er 6.500 kr.

Óheimilt er að nota upplýsingar úr Neytendablaðinu í auglýsingar og við sölu nema skriflegt leyfi liggja fyrir.

Leiðarinn

Matvælamerkingar



Talið er að lífsstílsjúkdómar valdi yfir 80% dauðsfalla í Evrópu og að ef ekkert verður að gert muni kostnaðurinn einfaldlega sliga heilbrigðiskerfi víða á Vesturlöndum. Ísland fer ekki varhluta af þessari þróun og allir eru eflaust sammála um að koma þurfi í veg fyrir að fólk, ekki síst börn, þrói með sér sjúkdóma sem hægt er að fyrirbyggja. Þekkt er að reykingar og hreyfingarleysi eru stórir áhættuþættir og megum við vera stolt af því hversu rösklega var gengið til verks

hér á landi við að draga úr reykingum, bæði beinum og óbeinum.

Óhollt mataræði er einnig þekktur áhættuþáttur þegar kemur að ýmsum sjúkdómum. Um það er ekki deilt en hins vegar má deila um hversu langt á að ganga í forræðishyggju. Er réttlætanlegt að skattleggja óhollan mat rétt eins og gert er með áfengi og tóbak? Væri hugmynd að lækka álögur á mat sem uppfyllir ákveðin hollustuviðmið? Af og til hefur sprottið upp umræða í nágrannalöndunum um að lækka virðisaukaskatt á grænmeti og ávexti og má finna ýmis rök með og á móti. Um eitt þarf þó ekki að deila og það er réttur neytenda til skiljanlegra upplýsinga. Fólk á ekki að þurfa að velkjast í vafa um það hvort maturinn sem það lætur ofan í sig sé hollur eða ekki.

Stór hluti af þeim mat sem við kaupum er unninn og pakkaður og upplýsingum um næringargildi og hitaeningar er komið á framfæri aftan á umbúðum. Framan á umbúðum má stundum sjá ýmsum jákvæðum eiginleikum haldið á lofti; trefjaríkt, fituminna, án viðbættis sykurs, sykurlaust, próteinríkt, inniheldur C-vítamín, kalkríkt og þar fram eftir götunum. Aldrei sjáum við neikvæðum eiginleikum haldið á lofti, svo sem: stútfullt af viðbættum sykri, með eindæmum saltríkt, laust við öll mikilvæg næringarefni eða inniheldur mikið magn hertrar fitu.

Víða hafa yfirvöld átt að sig á því að neytendur þurfa aðstoð við að feta sig í gegnum merkingafrumskóginn og að fæstir hafa tíma eða þekkingu til að klóra sig í gegnum næringargildistöfluna sem skylt er að setja á umbúðir. Einfaldar merkingar framman á umbúðum hafa það markmið að koma mikilvægustu skilaboðum á framfæri á augabragði. Bretar innleiddu svokallaðar umferðarljósamerkingar árið 2012 sem hluta af aðgerðum til að bregðast við vaxandi offitu þjóðarinnar. Nú hefur ný merking litið dagsins ljós, NutriScore, sem fjallað er um hér í blaðinu. Evrópusamtök neytenda krefjast þess að framleiðendum verði skylt að merkja matvörur með þessu skýra og einfalda merki og nú þegar hafa stjórnvöld í sex Evrópulöndum annað hvort innleitt merkið eða lýst yfir áhuga á að taka það upp.

Það er ekki hægt að gera þá kröfu að fólk axli ábyrgð á eigin heilsu og borði samkvæmt ráðleggingum ef mikilvægar upplýsingar um næringu eru settar þannig fram að aðeins sérfræðingar skilja þær. Framtíðin hlýtur því að felast í skýrum skilaboðum til neytenda þannig að þeir geti tekið upplýsta ákvörðun.

Brynhildur Pétursdóttir

ASÍ og NS gegn smálánnum



Alþýðusamband Íslands



Neytendasamtökin

Alþýðusamband Íslands hefur lagt á árarnar með Neytendasamtökunum í smálánabaráttunni.

ASÍ og Neytendasamtökin hafa nú stofnað baráttusamtök gegn smálánastarfsemi sem hafa það að markmiði að annars vegar aðstoða þolendur smálánastarfsemi og hins vegar að girða fyrir það að slík starfsemi fái þrífist. Ætla má að þúsundir einstaklinga og fjölskyldna hafi galdið það dýru verði að festast í neti smálánafyrirtækja sem hafa komist upp með að stunda ólöglega lánastarfsemi á Íslandi til margra ára.



Drifa Snædal forseti ASÍ og Breki Karlsson formaður NS

Meðal aðgerða hinna nýstofnuðu samtaka er að:

- Stofna málsvarnarsjóð fyrir þolendur smálána sem hafa ofgreitt ólögleg lán.
- Kortleggja hvaða fyrirtæki það eru sem þjónusta smálána-fyrirtæki og auðvelda starfsemina. Almennungur þarf að vera upplýstur um hvaða fyrirtæki það eru.
- Þrýsta á um að stjórnvöld axli ábyrgð og aðstoði þolendur með skipulögðum hætti og beiti sér markvisst gegn starfsemi smálána.

Í fyrra veittu VR, Efling og BSRB styrk til baráttunnar og er þessi stuðningur verkalýðssamtaka afar mikilvægur og kærkominn.

Úrskurðarnefndir - ágreiningur leiddur til lykta

Þegar ekki gengur að leysa úr ágreiningi milli neytenda og seljenda er mikilvægt að til sé ódýrt og skilvirkt úrræði sem tryggir neytendum réttláta málsmeðferð.

Neytendasamtökin hafa í gegnum tíðina haft frumkvæði að stofnun ýmissa úrskurðarnefnda. Sú fyrsta var stofnuð árið 1956 og bar það virðulega heiti „matsnefnd í ágreiningsmálum vegna fatahreinsunar eða þvotta“. Efnalaugarnefndin, eins og hún er almennt kölluð, er ennþá starfandi þó verkefnum hennar hafi farið fækkandi. Undanfarin ár hafa Neytendasamtökin átt aðild að fjölda úrskurðarnefnda, svo sem á sviði ferðamála, þjónustu iðnaðarmanna, tannlæknaþjónustu og váttrygginga- og fjármála, auk kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa. Nefndirnar eru, eins og gefur að skilja, misvirkar og fjöldi mála sem kemur á þeirra borð ákaflega misjafn.

Því miður hafa neytendur ekki getað leitað til úrskurðarnefnda í öllum tilfellum en nú er orðin breyting á. Ný lög tryggja að neytendur hafi í öllum tilfellum aðgang að úrlausn deilumála komi til ágreinings, þó að því tilskildu að reynt hafi verið að leysa úr málum á fyrri stigum. Neytendur geta því leitað til kærunefndar vöru- og þjónustukaupa vegna flestra ágreiningsmála. Löggin segja jafnframt til um að samtök neytenda og samtök fyrirtækja á afmörkuðu sviði viðskipta geti stofnað sértækar úrskurðarnefndir. Fyrir utan þær sértæku nefndir sem þegar eru starfandi vinna Neytendasamtökin nú að því að stofna slíkar úrskurðarnefndir í samstarfi við samtök hinna ýmsu geira.

Hvað gera stjórnvöld?

Neytendasamtökin sendu erindi á stjórnvöld í ágúst á síðasta ári og kölluðu eftir svörum við því hvernig þau hyggðust aðstoða fólk sem hefði tekið ólögleg smálán. Stjórnvöld tryggðu ekki sjálfsagða neytendavernd gagnvart ákveðnum hópi fólks sem átti viðskipti við smálánafyrirtækin. Fyrir vikið komust þau upp með

grímulaus skipulögð brot svo árum skiptir. Stjórnvöldum ber, að mati Neytendasamtakanna, skylda til að aðstoða brotaþola við að ná fram rétti sínum. Lítið varð um svör og var erindið ítrekað í desember á síðasta ári og nú aftur í febrúar. Samtökin krefjast þess að stjórnvöld axli ábyrgð á sínum hlut í þessu máli.

Gjöfin sem rennur út í sandinn



Á borð Neytendasamtakanna hafa komið ófá mál er varða gjafabréf sem starfsfólk hefur fengið í gjöf frá vinnuveitanda, jafnt fyrirtækjum og sveitarfélögum. Gjafabréfin hafa ósjaldan skamman gildistíma; eitt til tvö ár, eða jafnvel skemmri, og því er nokkuð um að bréfin renni út.

Meðal mála sem Neytendasamtökin hafa fengið inn á borð má nefna banka sem gaf gjafabréf í fataverslun og hins vegar Reykjavíkurborg, Mosfellsbæ og hugsanlega fleiri sveitarfélög sem gáfu gjafabréf í Borgarleikhúsið. Í tilfalli bankans bauðst eigendum kortanna að nýta þau eftir að gildistíminn rann út en þó þannig að afslátturinn sem seljandinn hafði veitt við kaupin féll niður. Þannig gátu eigendur bréfanna nýtt hluta andvirðisins.

Í tilfalli sveitarfélaganna voru gjafabréfin einfaldlega útrunnin að tveimur árum liðnum og ekkert hægt að gera. Þá hefur einnig borið á málum þar sem fyrirtæki gefa starfsmönnum gjafir sem síðan ekki er hægt að skila þar sem seljandi ber því við að hafa gefið svo mikinn afslátt við kaupin.

Þar sem þessi mál eru ekki neytendamál í eðli sínu, því kaupendur eru fyrirtæki og sveitarfélög, eiga Neytendasamtökin erfitt með að beita sér. Samtökin vilja samt sem áður vekja athygli á þessum kvörtunum og hvetja kaupendur gjafabréfa til að vera vakandi yfir skilmálum bréfanna því markmiðið hlýtur alltaf að vera að gjöfin nýtist.

Gjaldþrota verslun

- hvað verður um gjafabréfið?

Þegar verslun fer í þrot eða skiptir um eigendur er alltaf hætt á því að neytendur sitji uppi með inneignarnótur og gjafabréf sem ekki er hægt að nýta. Í byrjun þessa árs fór Cintamani í þrot og bar mikið á fyrirspurnum frá fólki sem sat uppi með ónýtta inneign og var eðli málsins samkvæmt afar ósátt. Því miður er það svo að við gjaldþrot seljanda flokkast gjafabréf og inneignarnótur sem almennar kröfur og greiðast ekki úr búi fyrir en á eftir forgangskröfum, svo sem launakröfum starfsmanna. Það er því ágæt regla að liggja aldrei á gjafabréfum eða inneignarnótum lengur en nauðsyn er.

Gjafabréf flugfélaga

Icelandair lengir gildistíma

Neytendasamtökin hafa sérstaklega haft horn í síðu gjafabréfa flugfélaganna. Gildistími á bréfum frá WOW air var einungis eitt ár og á meðan fyrirtækið var og hét átti það metið í gjafabréfakvörtunum. Gjafabréf Icelandair hafa gilt í tvö ár, sem er einnig alltof skammur tími, en nú hefur Icelandair hinsvegar lengt gildistíma gjafabréfa í fimm ár. Þetta er að mati Neytendasamtakanna mjög gott skref og til eftirbreytni.



Hversu hollur er maturinn?

- einfaldar merkingar auðvelda valið

„Holl og fjölbreytt fæða er mikilvæg fyrir heilsu og vellíðan,“ segir orðrétt á heimasíðu Landlæknis. Þessu mæla fæstir í mót. Mataræði vegur þungt þegar lífsstíllssjúkdómar eru annars vegar og kostnaður samfélagsins vegna sjúkdóma sem mætti fyrirbyggja er mikill. Það er því til mikils að vinna að beina fólki í átt að heilbrigðari lífsstíl. Skiljanlegar og aðgengilegar upplýsingar um næringargildi matvæla eru afar mikilvægar fyrir neytendur og auðveldar þeim að taka upplýsta ákvörðun. Þær merkingar sem er skylt að setja á umbúðir matvæla um næringargildi, og nær alltaf aftan á umbúðir, geta hins vegar verið illskiljanlegar fyrir marga. Þá bætir ekki úr skák að mörg dæmi eru um villandi fullyrðingar um hollustu á matvælaumbúðum. Jákvæðum kostum matvæla er óspart haldið á lofti en dýpra er á upplýsingar sem snúa að magni viðbættis sykurs og salts, svo að dæmi sé tekið. Það eru þó upplýsingar sem skipta neytendum jafnvel meira máli.

Umferðarljós

Árið 2013 ákváðu heilbrigðisvirkir í Bretlandi að setja á fót merkingarkerfi á innpökkuð matvæli til að auðvelda neytendum að velja hollari mat. Kerfið byggir á umferðarljósamerkjum og eru gefnir litir fyrir hvern næringarþátt. Grænt þýðir að vara innihaldi lítið af fitu, sykri eða salti á meðan rauði liturinn segir til um hátt hlutfall sykurs, salts eða fitu. Appelsínugulur er svo þarna mitt á milli. Merkingin er sett framan á umbúðir enda er markmiðið að auðvelda fólki að sjá mikilvægustu næringarupplýsingar á augabragði. Merkingin er valkvæð en flestir stórir matvælaframleiðendur taka þátt og vege þar þungt stóru verslunardejurnar, eins og Tesco, Waitrose og Sainsbury, sem selja fjölda matvara undir eigin vörumerki.

Þegar Evrópusambandið var að endurskoða lög um matvæla-merkingar fyrir um áratug gengu fyrstu hugmyndir út á að lögfesta hinar neytendavænu umferðarljósamerkingar. Matvælaframleiðendur brugðust hins vegar ókvæða við. Rök þeirra voru einna helst þau að um of mikla einföldun væri að ræða og

að umferðarljósamerking sýndi sum matvæli í afar neikvæðu ljósi. Ekkert varð af þessum áformum en ýmsar mikilvægar breytingar voru þó gerðar á lögum um merkingar matvæla sem síðar hafa verið innleiddar hér á landi. Talið er að aldrei hafi meira fé verið varið í hagsmunagæslu í Brussel og þegar umrædd löggjöf var til meðferðar hjá Evrópuþinginu og að yfir milljarði evra hafi verið varið til þess sérstaklega að koma í veg fyrir að umferðarljósamerkingin yrði að veruleika.

Umferðarljósinn gefa upplýsingar um magn sykurs, salts og mettaðrar og ómettaðrar fitu með litunum grænn, appelsínugulur og rauður. Merkingin á samlokunni sýnir að hún inniheldur hátt hlutfall mettaðrar fitu, lítinn sykurlit, lítið hlutfall ómettaðrar fitu og salt í meðallagi. Á döðlunum má svo sjá að hlutfall sykurs er hátt en ekki er gerður greinarmunur á náttúrulegum sætuefnum í vörum og viðbættum sykri.

Ný merking ryður sér til rúms

Ný næringarmerking framan á umbúðir, NutriScore, eða „næringarskor“, hefur verið að ryðja sér til rúms í Evrópu. NutriScore er í raun ennþá einfaldari merking en umferðarljósinn bresku þar sem upplýsingum um næringargildi vöru er komið til skila með því að gefa vörunni eina „einkunn“ frá A til E. Til að hnykkja á boðskapnum er hollasti kosturinn grænn og sá óhollasti rauður

en rannsóknir sýna að skilaboðin komast betur til skila ef notast er við liti. Aðferðin er í einföldu máli sú að mæla jákvæð næringaráhrif (magn trefja, próteins, ávaxta, grænmetis og hnetu) og neikvæð áhrif (magn sykurs, mettaðrar fitu og salts) auk hitaeningafjölda. Stig eru gefin fyrir jákvæða og neikvæða þætti og með ákveðinni reikniaðferð er einkunnin fundin út. Nánar um aðferðina á vefsíðunni nutriscore.colruytgroup.com Allar matvörur falla undir NutriScore-kerfið, að áfengi, kaffi og te undanskildu sem og barnamat fyrir börn yngri en þriggja ára.

NUTRI-SCORE



Matvara merkt með A á grænum grunni þýðir bestu einkunn þegar horft er til allra næringarþátta.

NUTRI-SCORE



Matvöru með D-merkingu ætti að neyta í hófi.



Mynd: Consumentbonden í Hollandi

Hér eru bornar saman tvær tegundir af músli og mjög auðvelt að sjá á augabragði hvor tegundin er hollari kostur.

NutriScore breiðist út

Frakkland reið á vaðið árið 2017 og nú hafa sex Evrópulönd ákveðið að innleiða NutriScore. Auk Frakklands eru það Holland, Þýskaland, Belgía, Spánn og Lúxemborg. Holland hefur reyndar lýst yfir vilja til að innleiða merkið en þó að því tilskildu að einhver endurskoðun eigi sér stað. Í febrúar sl. tilkynntu svo yfirvöld í Lúxemborg að þau myndu mæla með innleiðingu NutriScore og blása til kynningarherferðar fyrir neytendur. Evrópusamtök neytenda, BEUC, hafa kallað eftir því að NutriScore-merkingin verði innleidd í Evrópusambandinu öllu, þ.e. að framleiðendum verði skylt að nota hana á vörur sínar en

í dag er merkingin valkvæð. Undirskriftasöfnun er nú í gangi þar sem íbúar Evrópusambandsins eru hvattir til að taka þátt og ef einni milljón undirskrifa verður náð fyrir maí næstkomandi mun Evrópusambandið þurfa að taka málið til skoðunar.

Ítalía fer sínar eigin leiðir

Ítalía hefur tekið einarða afstöðu gegn NutriScore-merkingunni með þeim rökum að merkingin ógni hinni margrómuðu ítölsku matarhefð. Merkingin geri til dæmis engan greinarmun á ólíkum matartegundum, sem gæti skaðað ítalskar vörur eins og ólífufólú, parmesanost og hráskinku.

Ítalir hafa því lagt til sína eigin merkingu, „Nutrinform“, sem er einhvers konar sambland af DGA og rafhlöðu og þykir vægast sagt ruglingsleg. Mikil hleðsla sendir þannig skilaboð um neikvæð áhrif, til dæmis of hátt hlutfall sykurs, en gagnrýnendur benda á að í þessu felist öfugmæli þar sem flestir upplifi litla hleðslu sem eitthvað neikvætt.

Gagnrýninni er þó vísað á bug af ítölskum stjórnvöldum enda hafi verið gerð rannsókn á ítölskum fjölskyldum sem sýni að merkingin hafi þótt mjög skýr og skiljanleg. Gögnin að baki þeirri rannsókn hafa þó ekki verið lögð fram. Ítölsku neytenda-samtökin Altroconsumo hafa gagnrýnt þessi áform harðlega.

Hvað er GDA merking?

Samtök matvælaframleiðenda í Evrópu hafa um árabil notað sitt eigið næringargildismerki framan á umbúðir. Það kallast GDA (Guideline daily amount) og segir til um ætlaða neyslupörf. Merkingin hefur alla tíð verið mjög umdeild ekki síst fyrir þær sakir að hún sýni næringarinnihald í ákveðnum skömmtum af hinum ýmsu matvörum. Þannig geta framleiðendur sjálfir ákveðið hvað er „skammtur“, þ.e. hvort skammtur af kartöflufloögum sé 50 grömm eða 100 grömm, svo dæmi sé tekið. Þá er einnig gagnrýnt hvernig áætluð dagspörf eða neyslupörf er fundin út. Það skiptir jú máli við hvað er miðað; konu eða karl, kyrrsetumanneskju eða íþróttagarp, unglinga eða eldra fólk. Útbreiðsla GDA er töluverð og hefur matvælaíðnaðurinn ekki áhuga á merkingum þar sem neikvæðar upplýsingar eru dregnar fram og telur GDA þjóna tilgangi sínum fullvel.

Calories	Sugars	Fat	Saturates	Sodium
112	7g	0.5g	0.2g	0.2g
6%	8%	1%	1%	8%

Samtökin telja NutriScore mun skiljanlegri merkingu og að hin sér-ítalska merking sé beinlínis villandi. Ítölsk stjórnvöld hafa nú þegar tilkynnt Evrópusambandinu að þar í landi verði Nutri-form opinber næringargildismerkingu framan á umbúðir.

Portúgal áhugasamt

Í Portúgal er áhugi á NutriScore og nýlega létu heilbrigðisyfirvöld gera rannsókn til að kanna þekkingu og skilning neytenda á næringargildismerkingum. Einnig var kannað hvers konar merkingar væru líklegastar til að koma réttum skilaboðum á framfæri. Í ljós kom að 40% portúgalskra neytenda eiga erfitt með að túlka hinar hefðbundnu næringargildismerkingar og að einfaldari útfærsla væri vænlegasta leiðin til að ýta undir hollara mataræði. Umferðarljósamerkingar og NutriScore þóttu koma best út en rannsóknin sýndi einnig að næringargildisupplýsingar framan á umbúðum, hvaða nafni sem þær nefnast, ýta undir hollara val.


Þar sem Ísland er hluti af innri markaði Evrópusambandsins er okkur skylt að taka upp regluverk sambandsins sem snýr að matvælamerkingum. Það verður því fróðlegt að fylgjast með framvindu þessa máls og hvort hugsanlega sé að nást sátt um skiljanlega merkingu sem neytendur geta reitt sig á.

Drykkir fyrir börn

- belgísk rannsókn

Belgísku neytendasamtökin Test-Achats gerðu könnun á því hvers konar drykki foreldrar sendu börn sín með í skólann. Notast var við NutriScore-kerfið til að reikna út einkunnir á alls 474 tegundum drykkja. 37% drykkjanna fengu A eða B, 23% fengu C og 40% fengu D eða E. Það sem verra var, af 79 drykkjum sem voru sérstaklega markaðssettir með börn í huga, t.d. með teiknimyndafígúrum, fengu 42% D eða E.

Ekki er mælt með að börn yngri en 12 ára neyti sætuefna en þau var að finna í nokkrum drykkjanna. Var jafnvel tekið sérstaklega fram framan á umbúðum að enginn viðbættur sykur væri í drykknum en sætuefni listað á innihaldslýsingunni. Slíkt er óheimilt í Belgíu og kalla neytendasamtökin eftir því að skylt verði að merkja sérstaklega framan á matvæli sem beint er að börnum ef þau innihalda sætuefni.



Eins og sjá má eru hér gefnar upplýsingar miðað við 30 g skammt og á kexpökkunum er miðað við eina kexköku en ekki þyngd. Þetta gerir allan samanburð erfðan.



Skráargatið

Hér á landi má sjá alls kyns útgáfur af næringargildismerkingum framan á umbúðum. Glöggir neytendur hafa hugsanlega rekið augun í umferðarljósinn bresku sem finna má á mörgum innfluttum vörum. GDA-merkingin er mjög algeng og líklegt er að vörur með NutriScore séu farnar að slæðast hingað til lands. Á Íslandi höfum við eina opinbera næringargildismerkingu; hið norræna Skráargat sem gefur til kynna að matvara innihaldi ákveðið magn trefja og salt, sykur og fitu í lágmarki. Það eru þannig einungis matvörur sem standast strangar kröfur Skráargatsins sem fá að bera merkið. Skráargatið er ekki notað á alla vöruflokka og, eins og áður segir, aðeins á þær vörur sem standast ákveðin næringargildisviðmið. Það getur því ekki komið í stað næringargildismerkinga framan á vörur eins og NutriScore eða umferðarljós þótt Skráargatið hafi vissulega mikilvægu hlutverki að gegna.



NEYTENDA SAMTÖKIN

Í TÍMANS RÁS




Stjórn Neytendasamtakanna 1979-80. Talið frá vinstri: Bergur Oliversson lögfræðingur NS, Jóhannes Gunnarsson, Dröfn Farestveit, Sigríður Friðriksdóttir gjaldkeri, Jónas Bjarnason varaformaður, Reynir Arnmannsson formaður, Rafn Jónsson ritari, Steinunn Jónsdóttir, Sigrún Gunnlaugsdóttir og Gunnlaugur Pálsson. Á myndina vantar Arna B. Eiríksson, Idunni Gísladóttir, Jón Magnússon og Sigurð P. Kristjánsson.

Við tókum upp þráðinn þar sem frá var horfið og birtum hér lokakaflann í sögu Neytendasamtakanna. Á ýmsu hefur gengið í starfsemi samtakanna, eins og lesendur hafa fengið að kynnast, en þegar komið var fram á áttunda áratuginn má segja að starfsemin hafi verið komin í eðlilegt horf.

AÐALFUNDUR 1982

Jón Magnússon kjörinn formaður

Á aðalfundi Neytendasamtakanna 1982 var Jón Magnússon lögmaður kosinn formaður og gegndi hann embættinu í tvö ár. Jón var þáullvanur stjórn máli og félagsstörfum. Eins og góðum lögfræðingum er lagið var hann sleipur í lagakrökum, fljótur að átta sig á aðalatriðum hvers máls og flugmælskur, og var því góður málsvari samtakanna í fjölmiðlum. Jón hafði starfað mikið í röðum ungra sjálfstæðismanna, var formaður Stúdentaráðs HÍ 1970–1971 og formaður Heimdallar 1975–1977, sat í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins og hafði verið formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna 1977–1981. Þá sat hann á Alþingi um skeið sem varaþingmaður. Jón fylgdi frjálshyggjuarmí ungra sjálfstæðismanna og var því aldrei bendlaður við frjálshyggjuhreyfinguna sem mikið bar á um þetta leyti. Jón vann mikið starf fyrir Neytendasamtökin. Auk þess að vera formaður samtakanna sat hann í stjórn þeirra frá 1978–1984, sat aftur í stjórn 1988–1990 og 1996–2000, og var þá jafnframt varaformaður. Þá hefur hann verið formaður Neytendafélags höfuðborgarsvæðisins.



Jón Magnússon

Útbreiðsluherferð

Útbreiðsluherferð til hvers? Er þörf á því fyrir samtök eins og Neytendasamtökin sem hafa félagatölu hlutfallslega hærrí en víðast hvar, að gangast fyrir útbreiðsluherferð?

Þó að fjöldi félagsmanna NS sé töluverður þá hafa samtökin ekki náð að þróast í fjöldasamtök hvorki hvað snertir fjölda félaga né innri starfsemi. Með útbreiðsluherferð viljum við ná til mun fleiri en við höfum gert hingað til og fá mun fleiri til virkra starfa innan samtakanna. Forsenda þess að Neytendasamtökin geti verið öflug og nægilega virk samtök til hagsbóta fyrir neytendur er sú, að mun fleiri tengist þeim og samtökunum takist að brjóta út úr þeim stakk, sem þeim nú er sniðinn og hefur verið í allmörg ár.

FINNSKAR KARTÖFLUR

– banabiti einokunar

Á formannsárum Jóns beittu samtökin sér einkum fyrir lækkun verði á landbúnaðarafurðum og forystumenn samtakanna gagnrýndu mjög landbúnaðarkerfið í heild. Sú gagnrýni átti svo eftir að kristallast og ná hámarki í deilunum um finnsku kartöflurnar vorið 1984. Grænmetisverslun landbúnaðarins, sem ennþá hafði einokunarrétt á því að flytja inn kartöflur, hafði flutt inn og sett í dreifingu kartöflur frá Finnlandi, en þær voru þá einu fánlegu kartöflurnar í verslunum. Þessar finnsku kartöflur voru augljóslega sýktar og að mestu leyti óætar. Mikil og almenn gremja gagnvart Grænmetisversluninni greip því enn einu sinni um sig meðal neytenda.

Neytendasamtökin, sem höfðu oft áður staðið í baráttu við Grænmetisverslun landbúnaðarins, gripu nú til mun harðari aðgerða en áður. Samtökin gengust fyrir undirskriftasöfnun meðal almennings þar sem farið var fram á rannsókn á innflutningi, dreifingu og sölu Grænmetisverslunarinnar á finnsku kartöflunum og jafnframt var skorað á stjórnvöld að gefa innflutning á kartöflum og öðru grænmeti frjálstan. Undirskriftalistarnir lágu frammi í verslunum frá því á hádegi á föstudegi og fram á mánudag og skrifuðu tuttugu þúsund manns á þá á þessum skamma tíma.

Jón Helgason landbúnaðarráðherra tók óánægju neytenda og undirskriftunum fálega í fyrstu, en þá sneru forystumenn



Neytendasamtakanna sér til forsætisráðherra, Steingríms Hermannssonar, með þá pólitísku kröfu að einokuninni yrði aflétt. Hann lofaði viðunandi breytingum. Fljótlega var svo öðrum aðilum leyft að flytja inn kartöflur til landsins og skömmu síðar var einokunin á innflutningnum afnumin með nýjum búvörusamningi. Grænmetisverslun landbúnaðarins var lögð niður en þar með hvarf af sjónarsviðinu einhver ósvífnasti einokunaraðili í íslensku viðskiptalífi á 20. öld. Finnsku kartöflurnar höfðu orðið banabiti þess forna fjandmanns íslenskra neytenda.

Þessi málalok urðu ekki einungis sigur í áratuga löngu kartöflustríði. Málið í heild átti eftir að auka frjálshæð í heildsöluverslun með garðávexti og koma á nokkrum umbótum í hinu annars samkeppnishamlandi landbúnaðarkerfi. Auk þess fjölgaði félagsmönnum töluvert í Neytendasamtökunum í kjölfar málsins. Þá gagnrýndu Neytendasamtökin um þetta leyti meint samráð um verðlagningu á sólarlandaferðum en sú gagnrýni hafði í för með sér stóruakna samkeppni á þessu sviði og lækkandi verð.

SKEMMDAR KARTÖFLUR Í ÁRATUGI



Það má rifja hér upp að Neytendasamtökin háðu ófáar orustur þar sem óætar, lélegar eða skemmdar kartöflur komu við sögu. Svo snemma sem árið 1962 sendu Neytendasamtökin erindi til landbúnaðarráðherra og kölluðu eftir meiri gæðum, bættri flokkun og betri merkingum á kartöflum. Einnig var send kæra fyrir Sjó- og verslunardóm Reykjavíkur. Í kærinni má lesa lýsingu á kartöflupoka sem samtökin höfðu keypt og sagðar voru í 1. flokki:

„Vorur kartöflurnar mjög illa útlitandi, óbreinar, rakar margar og línar, stungnar og skornar og svartar í sárin, býðisflagnaðar, skemmdar, sennilega sýktar og sumar jafnvel komnar í graut. ...Ljóst er, að hér er ekki um neina tilviljun að ræða, heldur virðist sem verið sé að koma gallaðri vöru undir röngum forsendum í sem mest verð í skjóli einkasöluaðstöðu. Líta Neytendasamtökin mjög alvarlegum augum á þetta mál“.



Fjallað um kæru Neytendasamtakanna fyrir Sjó- og verslunardómi 9. okt. s.l. Til hægri við dómforseta, Valgarð Kristjánsson, situr Hafliði Jónsson, garðyrkjuráðunautur, og til vinstri Jóhann Ólafsson, stórkaupmaður, en þeir eru meðdómendur. Þá ritari réttarins, síðan fulltrúar Neytendasamtakanna, þeir Birgir Ásgeirsson og Sveinn Ásgeirsson, en fyrir dóminn er kallaður verzl.stjóri Melabúðarinnar, Ásgeir Ásgeirsson.

Nbl. 1.tbl. október 1962

Kartöflumálið, eins og það var kallað í fjölmiðlum, endaði með áminningu til forstjóra Grænmetisverslunarinnar. Reglum um flokkun var breytt í kjölfarið en það kom þó ekki í veg fyrir að neytendum væru áfram seldar skemmdar kartöflur.

JÓHANNES GUNNARSSON og neytendastarf hans

Er Jón Magnússon tók við formennsku Neytendasamtakanna árið 1982 varð Jóhannes Gunnarsson varaformaður. Hann hafði verið helsti drifkrafturinn í stofnun fyrsta neytendafélagsins á landsbyggðinni þegar hið öfluga félag í Borgarnesi var stofnað 1978. Auk þess vann hann ótullega að stofnun neytendafélaga víðar á landsbyggðinni. Hann fór í kynningarferðir með Reyni Ármannssyni, m.a. um Austfirði þar sem stofnuð voru neytendafélög í sex kaupþúnum á jafn mörgum dögum. Þannig ruddi hann brautina þegar verið var að breyta samtökunum úr staðbundnu Reykjavíkurfélagi í eiginleg landssamtök.



Hér má sjá Jóhannes, næst ræðupúlltínu, á fundi Neytendafélags Borgarness, sem hann hafði forgöngu um að stofna.



Á þingi samtakanna 1984 var Jóhannes Gunnarsson kjörinn formaður. Hér má sjá Jón Magnússon óska nýkjörnum formanni til hamingju.

Jóhannes lauk prófum sem mjólkurfræðingur frá Óðinsvéum í Danmörku 1970 og var í framhaldsnámi þar 1970–1971. Hann var mjólkurfræðingur í Mjólkurbúi Flóamanna 1972–1973, Mjólkursamlagi Neskaupstaðar 1973–1975 og Mjólkursamlagi Borgfirðinga í Borgarnesi 1975–1980. Jóhannes var upplýsinga- og útgáfustjóri hjá Verðlagsstofnun 1980–1990 en frá 1990 var hann í föstu starfi hjá Neytendasamtökunum. Hann sat í framkvæmdastjórn Alþýðubandalagsins 1985–1987 og í miðstjórn þess að auki. Hann var fyrsti formaður Neytendafélags Borgarfjarðar 1978–1980 og varð varaformaður Neytendasamtakanna þegar Jón Magnússon varð formaður þeirra.

Þrátt fyrir ólíkar stjórnmalaskoðanir Jóns og Jóhannesar varð samvinna þeirra afar farsæl enda tók Jóhannes við formennsku af Jóni 1984 og var formaður samtakanna til ársins 2017, að undanskildum tveimur árum. Þessi tvö ár, 1996–1998, var hann þó framkvæmdastjóri samtakanna en formaður samtakanna þá var Drífa Sigfúsdóttir, fyrst kvenna.



Drífa Sigfúsdóttir var fyrsta konan sem gegndi formennsku og til þessa dags sú eina. Hér má sjá Drífu og Jón Magnússon stínga saman nefjum.

Jóhannes hafði líklega víðtækari þekkingu á neytendamálum og þróun þeirra en nokkur annar Íslendingur. Hann var skeleggur talsmaður neytendaverndar og neytendahagsmuna um áratuga skeið, hafði sérstakt lag á að setta ólík sjónarmið og naut mikils trausts þeirra sem réðust til forystu með honum.



Jóhannes Gunnarsson og Guðni Th. Jóhannesson forseti á Fundi fólksins árið 2016

Í formannstíð Jóhannesar varð formannsembættið víðameira og vandasamara eftir að samtökin urðu landssamtök. Samtökin urðu raunveruleg fjöldasamtök á fáiðum árum. Þau urðu mun fyrirferðarmeiri í allri fjölmiðlaumræðu, beittu sér sífellt meira á nýjum sviðum, t.d. á sviði tryggingamála og fjármálaviðskipta, fræðslu- og upplýsingastarfsemi þeirra jókst til muna og alþjóðlegt samstarf varð miklu öflugra en nokkurn tíma áður. Eftir því sem hlutverk Neytendasamtakanna hefur orðið fjölbreyttara og starfsemi þeirra markvissari og faglegri hafa opinberir aðilar óskað eftir samvinnu og umsögnum samtakanna í æ ríkari mæli, t.d. varðandi margvíslega löggjöf.

Jóhannes Gunnarsson lét af störfum sem formaður haustið 2017 eftir áratugastarf fyrir samtökin. Hann lést í ársbyrjun 2018.

BARÁTTUMÁL SAMTAKANNA – fjármál heimilanna

Neytendasamtökin hafa frá upphafi barist fyrir ýmsum þjóðþrifamálum en ekki hefur þó alltaf verið hlustað á kröfur samtakanna, illu heilli. Strax í formannstíð Reynis Ármannssonar var farið að ræða nauðsyn þess að Neytendasamtökin legðu aukna áherslu á fræðslu- og upplýsingaþáttinn í starfi sínu.

Segja má að nokkur kaflaskil hafi orðið í þessum efnunum í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar. Þá bar mjög á fjárhagsvanda hjá heimilum og Neytendasamtökin ákváðu að láta að sér kveða til að knýja á um úrbætur. Í fyrsta lagi buðu Neytendasamtökin upp á námskeið um hagsýni í heimilishaldi auk ráðgjafar fyrir þá sem áttu við verulegan fjárhagsvanda að stríða. Í öðru lagi lögðu þau áherslu á aðkallandi aðgerðir stjórnvalda en ekki síður að Alþingi setti nauðsynleg lög og þá helst ný lög um greiðsluáðlögun, lög um ábyrgðarmenn og lög um innheimtustarfsemi. Jafnframt héldu Neytendasamtökin vel heppnaða ráðstefnu þar sem þessi mál voru kynnt. Einnig fengu Neytendasamtökin styrk hjá Norrænu ráðherranefndinni til að rannsaka hvernig auðveldast væri að koma á viðmiðunarneyslu fyrir íslensk heimili en slík viðmiðunarneysla hafði þá þegar verið unnin á öðrum Norðurlöndum. Í framhaldi af þessu var ákveðið að stofna Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og lögðu Neytendasamtökin fram

þekkingu sína til að styrkja stofuna. Varðandi lög um greiðsluáðlögun tóku íslensk stjórnvöld illu heilli þá ákvörðun að fara ekki sömu leið og farin hafði verið á öðrum Norðurlöndum, þ.e. að setja sérstaka löggjöf um greiðsluáðlögun, heldur var ákveðið að breyta lögum til að auðvelda skuldsettum heimilum að leita nauðasamninga. Þessi leið reyndist gagnslaus og fóru Neytendasamtökin ítrekað fram á að borinn væri saman árangurinn af því að hjálpa skuldsettum heimilum hér á landi og á öðrum Norðurlöndum. Jafnframt ítrekuðu Neytendasamtökin margoft kröfu sína um að hér yrðu sett lög um greiðsluáðlögun að norrænni fyrirmynd. Þá gekk einnig mjög illa að fá sett lög um ábyrgðarmenn. Hins vegar gerðu Neytendasamtökin, fjármálastofnanir og viðskiptaráðuneytið með sér samkomulag um ábyrgðarskuldbindingar. Í samkomulaginu var meðal annars kveðið á um að lánastofnanir skyldu draga úr notkun sjálfskuldarábyrgðar og náðist verulegur árangur í þeim efnunum. Lög um ábyrgðarmenn voru ekki sett fyrir en árið 2008 og lög um greiðsluáðlögun árið 2010, árum og áratugum eftir að Neytendasamtökin vöktu fyrst athygli á þörfinni.

Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir
skráði sögu Neytendasamtakanna

DAGSTIMPILL Á KAFFI

Strax á fyrsta starfsári, 1953, var skipuð matvælanefnd sem lét það verða sitt fyrsta verkefni að berjast fyrir dagstimpli á matvörur eins og kaffi.

Nær allir kaffipakkar dagsettir fyrir tilmæli Neytendasamtakanna

Svo sem kunnugt er, skipaði stjórn NSR matvælanefnd fyrir nokkru, og hefur hún þegar fengið miklu áorkað. Fyrsta verkefni hennar var að athuga möguleikana á dagsetningu ýmissa vara, sem seldar eru í umbúðum, og miklu skiptir fyrir kaupanda, að séu sem nýjastar. Tók hún fyrst fyrir kaffi og átti viðræður við framleiðendur þess héraðs. Árangurinn var skjótur og góður. Kaffiframleiðendur tóku málaleitun nefndarinnar vel, og ákváðu nær allir að taka upp þann hátt að stimpla á kaffipakka, hvenær kaffið sé brennt og malað. Frá næstu áramótum. Kunna Neytendasamtökin kaffiframleiðendum sínar beztu þakkir fyrir undirtektirnar.

(2. tbl. 1953)

„HEKLU“ veitt viðurkenning Neytendasamtakanna fyrir verðmerkingar

NEYTENDASAMTÖKIN hafa veitt Véla- og raftækja-verzluninni Heklu viðurkenningu fyrir verðmerkingar. Hefur Hekla merkt allar vörur, sem hún hefur á boðstólum. Sveinn Ásgeirsson, formaður neytendasamtakanna, afhenti Sigfúsi Bjarnasyni, forstjóra verzlunarinnar, skrautritað viðurkenningarskjál 26. marz s.l.



GÓÐAR VERÐMERKINGAR

Á árum áður veittu Neytendasamtökin gjarnan viðurkenningar til seljenda sem þóttu standa sig vel. Hér má sjá Svein Ásgeirsson afhenda Sigfúsi Bjarnasyni, forstjóra verzlunarinnar Heklu, viðurkenningu fyrir góðar verðmerkingar. Þetta var árið 1954.

Varasamar vörur á netinu

Þriðjungur varnings sem keyptur var á netinu stenst ekki öryggiskröfur. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem sex evrópsk neytendasamtök létu gera.

Neytendur versla í auknum mæli á netinu enda er það þægilegt og oft hægt að gera góð kaup. Það er þó ýmislegt sem ber að varast. Í nýrri rannsókn voru 250 vörur, svo sem raftæki, snyrtivörur, og leikföng, keyptar af netverslunum eins og Amazon, AliExpress, eBay og Wish. Í ljós kom að meirhluti varningsins, eða heil 60%, stóðst ekki öryggiskröfur og voru ástæðurnar margvíslegar; reykskynjarar sem nema ekki reyk, gasskynjari sem nemur ekki gas, leikföng sem innihalda skaðleg efni í óleyfilegu magni og hleðslubanki sem bráðnar.

Teknar úr umferð tímabundið

Netverslanir taka oft skaðlegar vörur úr umferð en oft er það einungis tímabundið. Vandinn felst í því að þessi fyrirtæki líta á sig sem millilið fyrir seljendur og þær beri þannig ekki ábyrgð á þeim vörum sem í boði eru. Monique Goyens, formaður Evrópusamtaka neytenda, gagnrýnir netverslanir fyrir að fjarlægja ekki alfarið hættulegar vörur og segir það ekki geta verið hlutverk neytendasamtaka að hafa eftirlit með því að varasamar vörur dúkki ekki upp aftur og aftur. Kominn sé tími á að Evrópusambandið geri netverslanir ábyrgar fyrir því að selja skaðlegar og hættulegar vörur og auki eftirlit.



Helstu niðurstöður

Eins og áður segir voru alls 250 vörur keyptar og rannsakaðar af sérfræðingum. Eftirfarandi eru helstu niðurstöður:

Tannhvíttunarefni: Sjö af tíu tegundum innihéldu of hátt hlutfall vetnisperoxíðs til heimabruks eða frá fjórtán- til sjötíufalt það magn sem leyfilegt er. Tvær tegundir innhéldu meira magn en heimilt er að selja tannlæknum.

Reyk- og gasskynjarar: Allir sjö gasskynjararnir sem voru skoðaðir féllu á prófinu og greindu ekki kolmónoxíð í banvænu magni. Að sama skapi reyndust allir fjórir reykskynjararnir sem skoðaðir voru ónothæfir og greindu ekki reyk frá brennandi bómull, plasti og trjáviði.

Plastleikföng: 29 leikföng voru skoðuð með tilliti til innihalds á þalötum, sem er algengt mýkingarefni í plastvörum. Grunur leikur á að þalöt séu hormónaraskandi og eru þau bönnuð í leikföngum sem ætluð eru börnum yngri en þriggja ára og leyfileg í takmörkuðu magni í leikföngum ætluðum eldri börnum. Níu leikfangategundir innihéldu of mikið magn þalata, jafnvel allt að 200 sinnum leyfilegt magn.

USB-hleðslutæki, breytistykki og hleðslubankar: 36 tæki voru skoðuð, 12 í hverjum flokki. Þrjú af fjórum tækjum stóðust ekki rafmagnsöryggispróf. Vörurnar sem voru skoðaðar voru af ódýrari gerðinni, lítt þekkt vörumerki eða jafnvel án vörumerkis.

Barnaföt með reimum: 14 af 16 flíkum, svo sem hettupeysur, stóðust ekki öryggiskröfur Evrópusambandsins þar sem reimar voru of langar eða taldar geta skapað hættu á slysum.

Neytendastarf er í allra þágu

Arion banki

Atlantsolía

Banarar

Bónus

Hagkaup

Íslandsbanki

Kjörbúðin

Krambúðin

Krónan

Kvika

Landsbankinn

MS

Nettó

Nova

Olís

Sjóvá

Skeljungur

Sýn

Toyota

TM

Vínbúðin

VÍS

Vörður



Frá formanni

Styrkur í krafti fjöldans

Þegar eitthvað bjátar á eða mikið liggur við standa Íslendingar saman sem ein heild. Frjáls félagasamtök hafa þar oftast en ekki verið í aðalhlutverki og staðið að mörgu þjóðþrifaverkinu í gengum árin. Þar má nefna byggingu og rekstur spítala, kaup og rekstur sjúkrabíla, skipulagða krabbameinsleit og björgunarstörf, auk margvíslegs annars starfs til almannaheilla. Neytendasamtökin eru með elstu neytendasamtökum í heiminum og hafa frá árinu 1953 sinnt hagsmunagæslu fyrir neytendur, rækt fræðslustarf og annast milligöngu milli neytenda og fyrirtækja í ágreiningsmálum.

Þann 15. mars ár hvert er haldið upp á alþjóðadag neytendaréttar. Í þetta sinn beina Alþjóðaneytendasamtökin sjónum sínum að sjálfbærri neyslu. Í ár krefjast neytendasamtök um heim allan breytinga til að koma í veg fyrir alvarlegt umhverfishrun. Engin vettlingatök duga ef glíma á við aðsteðjandi loftslagsvá og hættu á verulega skertum líffræðilegum fjölbreytileika. Alþjóðlega neytendahreyfingin, sem Neytendasamtökin á Íslandi eru hluti af í gegnum samstarf norrænna, evrópskra og alþjóðlegra neytendasamtaka, varpar ljósi á breytingar sem neytendur geta tileinkað sér um leið og hún þrýstir á fyrirtæki og stjórnvöld að gera sitt, meðal annars með því að auðvelda neytendum að velja sjálfbærni. Fimm kröfur neytenda um sjálfbærni eru: Krafan um betri upplýsingar um sjálfbærni, krafan um sjálfbærar samgöngur, krafan um hringrásarhönnun og sjálfbæra tísku, krafan um endalok óþarfa umbúða og krafan um endingarbetri vörur og upprætingu kerfisbundinnar úreldingarhönnunar við vöruframleiðslu.

Varðstaða um réttindi neytenda og hagsmunagæsla gagnvart fyrirtækjum og stjórnvöldum er eitt mikilvægra verkefna Neytendasamtakanna. Gegna samtökin til dæmis mikilvægu umsagnarhlutverki við lagabreytingar. Þá funda samtökin reglulega með nefndum alþingis og koma þannig sjónarmiðum og kröfum neytenda á framfæri. Þar etja samtökin meðal annars kappi við fjölmörg hagsmunasamtök sem eiga annarra hagsmuna að gæta. Því er mikilvægt að Neytendasamtökin séu fjölmenn og sterk. Segja má að Neytendasamtökin vinni stöðugt að því að þannig

verði búið um samfélagslega hnúta að neytendur þurfi aldrei að leita réttar síns, hvorki til samtakanna né annarra, heldur verði neytendaréttur þeim tryggður í hvívetna. Líklega verður þess þó langt að bíða.

Fáum dylst að fyrir örfáum misserum sigldu Neytendasamtökin í gegnum djúpan fjárhagslegan öldudal. Á þeirri siglingu héldu jafnvel einhverjir því á lofti að samtökin væru stöðnuð og jafnvel forneskjuleg. Það er skemmst frá því að segja að með harðfylgi og útsjónarsemi hefur rekstri og fjárhag samtakanna verið snúið við úr verulegu tapi í gott jafnvægi, réttum megin við strikið. Samþykkt nýrrar grunnstefnu á öflugum aðalfundi samtakanna í október var því einnig sérlegt ánægjuefni og sýndi vel framvindu samtakanna í takt við nýja tíma. Nýja stefnan endurspeglar raunverulegt starf samtakanna og er mælistika, eða nokkurs konar leiðarvísir og grunnur að starfi Neytendasamtakanna, nú átta grunnkröfur neytenda settar fram af Sameinuðu þjóðunum. Allur almenningur, án tillits til tekna eða félagslegrar stöðu, á að njóta lágmarksréttinda sem neytendur.

Neytendasamtökin eru frjáls félagasamtök sem borin eru uppi af af félagsgjöldum. Neytendasamtökin eru útvörður neytendaréttar á Íslandi og ávallt tilbúin að koma neytendum til varnar. Samtökin verða aldrei sterkari en fjöldi félagsmanna sem í þeim er. Því fleiri félagsmenn, þeim mun sterkari samtök og rödd. Viljir þú leggja neytendabaráttunni lið skaltu skrá þig í samtökin og fá vini til að skrá sig. Ert þú félagi í Neytendasamtökunum?

Breki Karlsson



Sjálfbær neysla

Alþjóðadagur neytendaréttar

Alþjóðadagur neytendaréttar er haldinn hátíðlegur þann 15. mars á hverju ári. Upphaf hans má rekja til John F. Kennedy Bandaríkjaforseta sem, þann 15. mars árið 1962, varð fyrstur þjóðarleiðtoga til að lýsa því formlega yfir að neytendur hefðu grundvallarréttindi. Síðan þá hefur dagurinn verið helgaður baráttunni fyrir bættum neytendarétti og markmið dagsins ekki síst að vekja stjórnvöld og almenning til umhugsunar um neytendarétt og neytendamál yfir höfuð.

Neysluóhóf

Ef allir jarðarbúar hefðu sama lífsstíl og meðalmanneskja í Vestur-Evrópu dygði ein pláneta skammt. Þær þyrftu að vera þrjár. Á sama tíma býr um milljarður manna í sárri fátækt og hefur ekki aðgang að lágmarksgæðum til að tryggja mannsæm- andi lífsskilyrði.

Til þess að vernda jörðina og tryggja sambærileg lífsgæði fyrir komandi kynslóðir þarf að endurhugsa hvernig við neytum. Mikilvægt er að val um sjálfbæra neyslu sé hið auðvelda val. Nauðsynlegt er að vinna stöðugt að því að minnka misskilning um sjálfbæra neyslu með því að tryggja að framleiðendur, seljendur og stjórnmalamenn geri allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja öryggi og endingu á vörum.

Hvað geta neytendur gert?

Mikil vitundarvakning hefur átt sér stað á undanfórum árum og neytendur gera sér orðið grein fyrir því að þeir leika lykilhlut-

verk í því að stuðla að breytingum. Neytendur geta haft áhrif allt eftir því hvaða vörur og þjónustu þeir velja, hvernig þeir neyta þeirra og hvernig þeir velja að losa sig við vörur þegar líftíma þeirra er lokið ásamt því að þrýsta á um breytingar í regluverki sem hefur áhrif á framleiðsluhætti.

Eftirspurn eftir sjálfbærum vörum fer vaxandi – sér í lagi meðal ungra neytenda. Samkvæmt könnun frá markaðsrannsóknafyrirtækinu Nielsen kváðust 66% svarenda vera viljug til að greiða hærra verð fyrir vörur sem væru sjálfbærar, eða umhverfisvænni en ella. Þrátt fyrir það sýna aðrar kannanir að raunverulegt hlutfall kaupa á sjálfbærum vörum er á milli 20%-30% af heildarkaupum.

Almennt séð er sjálfbært val ekki auðvelt fyrir neytendur og það krefst nokkurrar rannsóknarvinnu af þeirra hálfu að finna út hvaða kaup eru hagstæðust með sjálfbærni í huga. Neytendur hafa þó mikil áhrif og geta stuðlað að sjálfbærari lausnum. Þannig hafa Alþjóðasamtök neytenda t.d. bent á að ef neytendur kaupa margnota vatnsflöskur ættu þeir að þrýsta á stjórnvöld og fara fram á frítt vatn til að fylla á flöskurnar. Þegar fleiri staðir fara að bjóða upp á endurgjaldslaust vatn munu fleiri neytendur kaupa margnota vatnsflöskur.

Orka og matur

Aðgangur að orku er mikilvægur fyrir neytendur en orkuframleiðsla veldur stærstum hluta losunar gróðurhúsalofttegunda.

MINNKAÐU
NEYSLUNA,
VELDU
VEL.



VIÐ INNKAUP VERSLAÐU Á SJÁLFBÆRARI HÁTT



Keyptu
díóður



Keyptu
lífrænt



Keyptu úr
nærumhverfinu

HVAÐ GETUR ÞÚ GERT?

LEIGÐU Í
STAÐ ÞESS AÐ
KAUPA. ÞAÐ ER
UMHVERFISVÆNNA.

Í vanþróaðri löndum heimsins hefur fjöldi fólks engan aðgang að orku. Í Afríku hafa einungis um 40% aðgang að orku og um þrjú milljarðar manna á heimsvísu treysta á heilsuspillandi orkugjafa. Þróunin hefur þó verið á þann veg að endurnýjanleg orka fer vaxandi í heiminum og nú er um þriðjungur orku framleiddur af endurnýjanlegum orkugjöfum.

Neytendur þurfa að hafa auðvelt aðgengi að öruggri, sjálfbærri og ódýrri orku, auk upplýsinga um það hvernig þeir geta dregið úr orkunotkun sinni.

Matvælaíðnaðurinn losar 37% af öllum gróðurhúsalofttegundum í heiminum. Matvælaframleiðsla, sér í lagi kjötframleiðsla, er mjög orkufrek, veldur skógeyðingu, losar mikið magn gróðurhúsalofttegunda og krefst mikillar vatnsnotkunar. Nútíma landbúnaður og búfjárrækt hefur víða haft neikvæð áhrif á fjölbreytileika lífríkis. Af þeim 6.000 plöntutegundum sem ræktaðar eru til matar standa aðeins níu tegundir undir 66% af heildaruppskeru í heiminum.

Neytendur geta stuðlað að aukinni sjálfbærni með því að kaupa mat úr nærumhverfinu, minnka neyslu á dýraafurðum og þrýsta á framleiðendur að notast við sjálfbærari framleiðsluáferðir.


ÞEGAR ÞÚ KAUIR Á
NETINU, GETUR VERIÐ
UMHVERFISVÆNNA AÐ
SÆKJA VÖRUNA?



KEYPTU VÖRUR ÚR
NÆRUMHVERFINU.
STYRKTU ÞANNIG
EFNAHAGINN
Í NÆRUMHVERFINU
OG SPARAÐU
FLUTNINGSKOSTNAÐ.



HUGSAÐU MÁLIÐ AÐUR
EN ÞÚ KAUIR. AÐ SKILA
VÖRU SEM ÞÚ KAUIR
Á NETINU ER ÓPARFA
SÓUN OG EYKUR CO2
ÚTBLÁSTUR.



MINNI SÓUN Á FERÐALÖGUM.



Þegar þú ferðast

Taktu með þitt eigið sjálfbæra:



Sápustykki



Taupoka



Vatnsflösku

Úrgangur eykst

Að meðaltali framleiðir hver manneskja 0,74 kg af úrgangi á degi hverjum. Gert er ráð fyrir að úrgangur á heimsvísu muni tvöfaldast fyrir árið 2050 og verði þá um 3,4 milljarða tonna á ári. Þá er talið að 30%–40% af öllum matvælum sé hent eða sóað. Á heimsvísu hafa einungis 9% af öllu plasti verið endurunnin, 79% hafa farið í urðun, á ruslahauga eða endað í umhverfinu og 12% hafa endað í brennslu.

Fræðimenn hafa áhyggjur af plasti í raftækjaúrgangi (e-waste), en á hverju ári falla til um 50 milljónir tonna af raftækjaúrgangi. Gert er ráð fyrir að þessar tölur muni hækka í allt að 120 milljónir tonna fyrir árið 2050. Gömlum raftækjum fylgir mikið magn eitrefna sem losnar úr tækjum og spillir jarðvegi á urðunarstað og skapar hættu fyrir fólk sem þarf að meðhöndla úrganginn. Rannsókn ein leiddi í ljós að á svæði þar sem unnið er með raftækjaúrgang í Afríkulandinu Ghana var magn skaðlegra efna í eggjum margfalt það sem talið er viðunandi. Ábyrg endurvinnsla á raftækjum er því nauðsynleg til að minnka mengun í umhverfi urðunarstaða en einnig er mikilvægt að endurvinnna verðmæti eins og þungmálma sem notuð eru í raftækjum.

Ítölsku neytendasamtökin Altroconsumo gerðu tilraun með 200 neytendum, þar sem samtökin settu GPS staðsetningartæki á raftæki sem neytendurnir ætluðu að losa sig við. Í ljós kom að þrátt fyrir að neytendur töldu sig vera að losa sig við tækin á ábyrgan hátt var 40% af tækjunum sem fylgst var með ekki skilað í réttan endurvinnslufarveg. Þessi rannsókn staðfesti að þörf er á betri úrræðum og fræðslu varðandi förgun á raftækjum. Í kjölfarið funduðu ítölsku neytendasamtökin með ítalska umhverfisráðuneytinu um bættu og skilvirkari endurvinnslu á raftækjum.

Kallað eftir breytingum

Samkvæmt könnun sem gerð var af Nielsen segjast 73% neytenda vilja breyta neyslu sinni og venjum til að takmarka umhverfisáhrif. Þó eru til staðar hindranir á slíkum neyslu-breytingum – hátt verð, aðgangur og ruglingslegar upplýsingar.

Til þess að neytendur geti tekið upp umhverfisvænni neyslu-hegðun þurfa þeir aðgang að sjálfbærari lausnum og betri upplýsingum. Þá þurfa innviðir að styðja við breytta neysluhegðun neytenda. Framleiðendur, smásalar og stjórnvöld þurfa að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að eins öruggar, endingargóðar og umhverfisvænar vörur og hugsast getur séu í boði. Val um sjálfbæra neyslu þarf að vera hið augljósa og einfalda val neytenda.

HVAÐ GETUR ÞÚ GERT?

VELDU HÓTEL
SEM ER MEÐ
UMHVERFISSTEFNU

ÞEGAR ÞÚ
FLÝGUR NOTAÐU
STAFRÆNT
BROTTFARARSPJALD



KOLEFNISJAFNAÐU
FÓTSPOR ÞITT MEÐ
ÞVÍ AÐ STYÐJA
UMHVERFISVERKEFNI

FERÐASTU MEÐ RÚTU,
LEST EÐA BÁT Í STAÐ
FLUGS ÞEGAR ÞAÐ ER
MÖGULEGT.



Heimilistæki eiga að endast lengur



Þegar þvottavélin bilar getur verið ódýrara að kaupa nýja vél en að láta gera við þá gömlu, jafnvel þótt sú gamla sé alls ekkert svo gömul. Samkvæmt austurrískri rannsókn er meðallíftími á þvottavélum aðeins 8,3 ár. Þessi þróun er hvorki góð fyrir þyngjuna né umhverfið og nú vill Evrópusambandið freista þess að bæta úr.

Samkvæmt reglum sem taka gildi á næsta ári verður framleiðendum skylt að auðvelda neytendum að láta gera við ákveðnar tegundir heimilis- og raftækja. Í dag borgar sig oft ekki að gera við tæki þar sem það getur verið erfitt og dýrt en að sama skapi hefur verð á heimilis- og raftækjum lækkað töluvert frá því sem áður var.



Meinleg frétt

Neytendasamtökin fengu ábendingu um svimandi háan reikning og misvísandi nafnanotkun hjá meindýraeyði. Félagsmaður leitaði eftir aðstoð meindýraeyðis á vefsíðunni já.is þar sem hann sló inn „meindýraeyðir Reykjavíkur“ með það fyrir augum að fá aðstoð hinnar opinberu (og oft ókeypis) þjónustu Meindýravarna Reykjavíkurborgar. Ljóst er að þegar leitað er með þessum leitaraskilyrðum fást upp margar þjónustur sem ekki eru á vegum Reykjavíkurborgar. Þá var félagsmaðurinn rúkkadur

„Íhlutir í þvottavélum eru oft af litlum gæðum og þegar kallað er á viðgerðarmann er allt eins líklegt að viðkomandi sé sölumaður sem telji vænlegra að kaupa bara nýja vél af sömu tegund í stað þess að fólk geti með einföldum hætti fengið viðgerð á vélinni,“ segir Vibeke Myrtue Jensen hjá dönsku neytendasamtökunum Tænk. Framleiðendum verður gert skylt að hafa íhluti til sölu í tíu ár eftir að vara kemur á markað. Neytendur munu þó ekki í öllum tilfellum geta keypt íhlutina sjálfir þar sem þeir verða einungis afhentir umboðs- og söluaðilum og afhendingartími getur verið allt að þrjár vikur. Reglurnar munu í fyrstu eiga við um ísskápa, sjónvarps- og tölvuskjái og uppvotta- og þvottavélar.

um rúmar 92 þúsund krónur fyrir um 10 mínútna vinnu. Eftir að Neytendasamtökin skárust í leikinn var reikningurinn felldur niður. Fyrirtækið er ekki með vefsíðu og engin leið er fyrir neytanda að gera sér grein fyrir verði þjónustunnar. Þá vakti það athygli Neytendasamtakanna að reikningurinn barst frá fyrirtæki, hvers nafn er í engu líkt Meindýravörnum Reykjavíkur.

Að þessu tilefni minna Neytendasamtökin félagsmenn sína, sem og aðra neytendur, á að fá alltaf verðtilboð eða hugmynd um verð áður en þjónusta er keypt. Því miður fá samtökin allt of oft tilvik á sitt borð þar sem verðlagning er í engu samræmi við það sem neytandinn mátti vænta.

Þá var athygli samtakanna vakin á því að samkvæmt reikningi fyrirtækisins hafði fyrirtækið notað svokallaðar límgildir, en notkun þeirra stenst ekki lög um velferð dýra. Neytendasamtökin sendu því erindi til Neytendastofu vegna villandi viðskiptahátta sem og erindi til MAST vegna notkunar á límgildrum.



Spurt og svarað



María Pálsdóttir
leikkona

Hver eru bestu kaup sem þú hefur gert?

Fyrir utan margar dásamlegar flíkur á hinum ýmsu nytjarmörkuðum erlendis sem og hérlendis í gegnum tíðina, sem margar eru enn mínar uppáhaldsflíkur, langar mig að nefna nýja rafmagnshjólíð mitt. Keypti það í haust (hef reyndar ekki farið á því í mestu skaflana í vetur) og held ég muni nota það svo miklu meira í innanbæjarskrepp og í vinnuna heldur en bílinn. Hann vil ég helst nota í neyð.

Hver eru verstu kaupin?

Nú bilast maðurinn minn... en ég held ég verði að nefna jólagjöfina sem hann gaf mér í hittidýrri – sous vide eldunargræju sem mér dettur ekki í hug að nota. Sé enga fegurð í því að elda mat í plastpokum. Græjan er enn ósnert í umbúðunum.

Áttu neytendaráð sem þú vilt deila?

Veit ekki hvort þetta er gott ráð, en áður en ég kaupí eitthvað spyr ég mig oft hverjar séu líkurnar á því að þetta endi í landfyllingu og oftast en ekki hætti ég við kaupin!

Hvað læturðu helst fara í taugarnar á þér?

Matvöru sem er pökkuð í plast og svo plast utan yfir plastið...

Hvar fékkstu síðast frábæra þjónustu?

Fæ sem betur fer oftast frábæra þjónustu alls staðar!

Ferðu vel með peninga.

Tja, vel og vel. Ég forðast visa raðgreiðslur og yfirdráttinn eftir námsárin setti ég í forgang að borga niður. En peningarnir safnast ekkert upp hjá mér. Og mér leiðast peningar mikið, sem ég held að sé ekki gott.

Hver er þinn helsti neytendaveikleiki?

Það að standast ekki tónleika, leikhús og alls kyns upplifanir myndi ég nú frekar telja til styrkleika :)

Hvað þyrfti helst að breytast á Íslandi neytendum til hagsbóta?

Ég er svo upptekin af loftslagsmálum og kolefnisspori; væri ekki gott ef innlend framleiðsla væri hagkvæmari kostur fyrir neytendur og við gætum dregið úr innflutningi og þar með kolefnisspori?



Halldór Árnason
hagfræðingur

Hver eru bestu kaup sem þú hefur gert?

Mér dettur í hug kaup á blágráum jakka sem dugði mér í mörg ár eða þar til að ég kynntist konunni minni. Einnig get ég nefnt rafmagnsritvél sem varð til þess að ég lærði fingrasetninguna, sem hefur komið sér vel alla tíð síðan.

Hver eru verstu kaupin?

Ætli það séu ekki kaup á öðrum jakka, dökkleitum, sem ég keypti fyrir rúmum áratug og hef ekki enn farið í. Þá man ég eftir of stórum skíðagalla sem ég geymi enn í von um að hann nýtist mér einhvern tímann í vonskuveðri uppi á reginfjöllum.

Áttu neytendaráð sem þú vilt deila?

Reynslan hefur kennt mér að freistast ekki til að kaupa hluti nema að vera nokkuð viss um að hafa not fyrir þá. Það hefur gagnast mér vel þó ég fari ekki alltaf eftir því.

Hvað læturðu helst fara í taugarnar á þér?

Það er eitt og annað. Til dæmis þegar matvæli gleymast í ísskápnum og enda í ruslinu. Þá eru langar biðraðir eitthvað sem ég forðast.

Hvar fékkstu síðast frábæra þjónustu?

Hjá dekkjaverkstæðinu Dekk og smur í Stykkishólmi. Einstaklega lipur þjónusta á lágu verði. Mörg bifreiðaverkstæði á landsbyggðinni bregðast strax við þó að hefðbundinn vinnutími sé liðinn.

Ferðu vel með peninga?

Ég reyni að fara vel með peninga og eiga varasjóð þannig að ekki þurfi að koma til yfirdráttar á bankareikningi.

Hver er þinn helsti neytendaveikleiki?

Hafi ég veikleika á þessu sviði þá er hann ekki ofarlega í huga mér.

Hvað þyrfti helst að breytast á Íslandi neytendum til hagsbóta?

Lágt verð og fjölbreytt úrval er oftast nefnt neytendum til hagsbóta. Ég vil bæta við betri og raunsonnum upplýsingum um gæði vöru. Þær skipta miklu máli. Viða um land eru framleidd matvæli af miklum gæðum. Ég vil sjá meiri möguleika á að kaupa beint frá býli.



Guðrún Kaldal

framkvæmdastjóri
frístundamiðstöðvarinnar
Tjarnarinnar



Ívar Halldórsson

stjórnandi Evrópsku
neytendaaðstoðarinnar (ECC)

Hver eru bestu kaup sem þú hefur gert?

Bestu kaupin eru frí með fjölskyldunni. Bæði innanlands og utan. Það má því segja að fjárfesting í góðum minningum séu mín uppáhalds kaup. Góður skíða- og útivistarbúnaður eru vörur sem ég ígrunda vel áður en ég kaup þær því þetta er dýrt dót. Ég er þó yfirleitt mjög ánægð með það sem ég enda á að kaupa.

Hver eru verstu kaupin?

Þegar ég panta fatnað og skó á netinu og ætla að spara. Ég hef nokkrum sinnum pantað fatnað sem virkar mjög töff og smart en er svo allt öðruvísi þegar hann kemur og passar bara alls ekki á mig. Í fyrra ætlaði ég að spara og pantaði mér hlaupaskó frá Bandaríkjunum. En sparnaðurinn var enginn þar sem skórnir pössuðu ekki enda kom í ljós að stærðirnar hjá þessu merki eru ekki þær sömu í Bandaríkjunum og Evrópu.

Áttu neytendaráð sem þú vilt deila?

Ég er mjög nýtin og hendi til dæmis mjög sjaldan mat. Mamma passaði alltaf að nýta allt vel og ég lærði af henni. Hún geymdi gjafapappír og slaufur og endurnýtti, breytti fötum og þrónaði mikið. Þannig að gott neytendaráð er að kaupa ekki óþarfa og nýta vel gamalt og gott dót, hluti, föt, pappír, skó o.fl.

Hvar fékkstu síðast frábæra þjónustu?

Það var örugglega hjá þeim á veitingastaðnum Zorbian á Hringbraut. Frábær þjónusta, vinalegt viðmót og ódýr, hollur og góður matur.

Ferð vel með peninga?

Já, ég geri það. Ég varð ung fjárhagslega sjálfstæð og áttaði mig þá á því að það þarf að gera áætlanir og hugsa vel um peninga ef þeir eiga að endast.

Hver er þinn helsti neytendaveikleiki?

Ferðir til útlanda og skíðadót.

Hvað þyrfti helst að breytast á Íslandi neytendum til hagsbóta?

Betri samgöngur þannig að hægt væri að spara bæði tíma og minnka mengun. Húsnæðislán og allt kerfið í kringum húsnæði þarf að bæta. Of mikið af tekjum fólks fer í húsnæðiskostnað. Þá þyrfti að koma Neytendasamtökunum á fjárlög.

Hver eru bestu kaup sem þú hefur gert?

Fyrir 15 árum náði ég að safna mér fyrir rosalega flottum (á þeim tíma) 37“ flatskjá. Sjónvarpið hefur, liggur við, verið meira eða minna í gangi allan sólarhringinn frá því ég keypti það. Einhvern tímann bráðnaði súkkulaði ofan í það en blessað tækið klikkar ekki. Hef í raun verið að bíða eftir að það eyðileggist svo ég hafi afsökun til að fjárfesta í nýju.

Hver eru verstu kaupin?

Ég ákvað nýlega að spara mér pening og kaupa útvarpstæki í bílinn frá Kína. Tækið var auglýst mjög fagmannlega og ég sló til. Það virkaði þó bara í tvær vikur og ég þurfti að senda það til baka með tilheyrandi kostnaði. Nú 6 mánuðum síðar hefur fyrirtækið hvorki sent mér nýtt útvarp né endurgreitt. Ef ég hefði bara eytt aðeins meiri pening og keypt tækið hér á Íslandi væri ég líklega núna að hlusta á útvarp í bílnum mínum.

Áttu neytendaráð sem þú vilt deila?

Að gera verðsamanburð. Hvort sem það er á milli íslenskra verslana eða á erlendum netsíðum. Burtséð frá óhappdæminu hér að ofan, þá á ég bandarískan bíl og ég er að mestu hættur að kaupa varahluti í hann á Íslandi. Undantekningalítið er mun hagstæðara að kaupa þá beint frá Bandaríkjunum. Hef þannig sparað gríðarlega fjármuni þó ég sé meðvitaður um að ef upp koma gallatilvik getur verið erfiðara að sækja úrbætur.

Hvar fékkstu síðast frábæra þjónustu?

Keypti um daginn bíl hjá Brimborg og sölumaðurinn var einstaklega liðlegur og þægilegur. Hringdi í mig til að athuga hvort ekki væri allt í lagi með bílinn og bauð mér að hafa samband hvenær sem væri ef eitthvað kæmi upp.

Hvað þyrfti helst að breytast á Íslandi neytendum til hagsbóta?

Almennt séð finnst mér réttindi neytenda vera þokkaleg á Íslandi en það vantar þó úrræði til að fá réttindunum framfylgt. Ég tel mikilvægt að á Íslandi verði settur á stofn smámáladómstóll (Small claims court), þannig að hægt verði að fara með ódýrum hætti fyrir dómstóla með ágreining sem ekki næst lausn í.


Auðvelt að skipta um raforkusala

Það vefst stundum fyrir fólki að skipta um banka eða tryggingafélag þar sem því getur fylgt smá bras. Það er hins vegar afar auðvelt að skipta um raforkusala.

Þegar við kaupum rafmagn er í raun um tvo samninga að ræða. Annars vegar um dreifingu á rafmagni og hins vegar um sölu. Dreifing á rafmagni er háð sérleyfi og notendur verða að vera í viðskiptum við dreifiaðilann í sínu sveitarfélagi. Sala á rafmagni er hins vegar á samkeppnismarkaði sem þýðir að notendur geta skipt um seljanda eins og þeim sýnist.

Þegar fólk flytur á milli svæða færast það sjálfkrafa til stærsta raforkusalans á því svæði, bæði hvað varðar dreifingu og sölu. Þetta þýðir að jafnvel þótt fólk hafi þegar ákveðið hvaða raforkusala það vill skipta við þá er það fært til dreifingaraðilans í sínu sveitarfélagi. Það þarf því sjálfst að breyta aftur til fyrri seljanda.

Allt árið 2017 skiptu einungis 370 heimili (af 140.000) um raforkusöluaðila þrátt fyrir mikinn verðmun en hann er nú allt að 12%. Verð á rafmagni er lágt á Íslandi miðað við það sem gengur og gerist sem skýrir eflaust þessa litlu hreyfingu á raforkumarkaði.



Sigurður Friðleifsson hjá Orkusetri hvetur neytendur til að gera verðsamanburð og skapa þannig aðhald á raforkumarkaði. „Eðli þessa markaðar er vissulega þannig að verðbilið verður alltaf mjög þétt því það er vart hægt að tala um mun á gæðum og þjónustu. En ef það er engin samkeppni er hætt við að lægsta verðið verði ekki eins lágt og það gæti annars verið.“

Það er einfalt að skipta um raforkusala og því hvetja Neytenda-samtökin félagsmenn til að skoða hvort ekki sé þarna hægt að spara einhverja þúsundkalla. Auðvelt er að gera verðsamanburð í reiknivélum á orkusetur.is og aurbjorg.is.



**EKKI VELJA
HVAÐ SEM ER
FRÁ HVERJUM
SEM ER**

Veljum Svansmerkta þjónustu og vörur sem eru framleiddar í sátt við umhverfið. Það er það minnsta sem við getum gert.

svanurinn.is

**UMHVERFIS
STOFNUN**



Skoðaðu strimilinn!

- Það getur margborgað sig

Kona nokkur hafði samband við Neytendasamtökin og sagði farir sínar ekki sléttar. Hún hafði keypt tvær paprikur og greiddi fyrir þær heilar 2.076 kr. Þegar hún fór að skoða málið nánar sá hún að samkvæmt kassastrimli áttu paprikurnar tvær að veða 2.078 kg. en bökunarvigt konunnar gaf upp 462 gr.

Konan hafði samband við seljanda og í ljós kom að gerð höfðu verið mistök við pökkun og vigtun. Sendingin hafði verið innkölluð en fyrir mistök höfðu einhverjar innpakkaðar paprikur orðið eftir. Var konan beðin innilega afsökunar á þessum mistökum.

Nú geta alltaf orðið mannleg mistök og þetta tiltekna mál leystist ágætlega en sagan sýnir að neytendur geta gert margt vitlausara en að renna yfir kassastrimilinn að innkaupaferð lokinni.



Neytendur blektir

Apple hefur verið sektað um 25 milljónir evra fyrir að hafa vísitandi hægt á eldri iPhone sínum án þess að láta notendur vita. Sektin var lögð á fyrirtækið af franskri eftirlitsstofnun. Áður höfðu ítölsk samkeppnisyfirvöld sektað bæði Apple og Samsung fyrir að hafa hægt á eldri útgáfum snjallsíma. Apple viðurkenndi þá að hafa vísitandi hægt á eldri útgáfum en það hefði alls ekki verið gert til að notendur gæfust upp á símunum og skiptu yfir í nýja og hraðari síma heldur til að lengja líftíma þeirra. Apple gekkst við brotinu og gerði samkomulag um sektargreiðslur en fyrirtækinu var einnig gert að setja tilkynningu á franska heimasíðu fyrirtækisins sem standa skyldi í einn mánuð og greindi frá því að Apple hefði gerst sekt um óréttmæta viðskiptahætti.

Svindlað með hunang

Fljótandi hunang getur verið af mismunandi gæðum. Sænska neytendablaðið Råd och Rön gerði gæðakönnun á fljótandi hunangi og í ljós kom að ein tegund uppfyllti ekki þau skilyrði sem sett eru til að vara megi kallast hunang.

Hunang er á topp tíu lista Evrópusambandsins yfir þau matvæli þar sem svikabrögðum er hvað mest beitt. Það segir sig eflaust sjálft að hunang sem selt er sem hunang má ekki innihalda neitt annað en hunang. Einhver brögð eru þó að því að hunang sé drýgt með sykri, sem er ódýrt uppfyllingarefni. Erfitt getur verið að koma upp um svikin því hægt er að nýta ólíkar sykurtegundir til að drýgja hunangið og ekki einfalt að greina þær í rannsóknnum. Råd och Rön rannsakaði 12 tegundir og komst að því að ein tegund, Törsleffs hunang, innihélt aukasykurtegundir og má því ekki markaðsetja hana sem hunang. Bestu einkunn fékk Bellafonde hunang frá Netto sem þótti bragðast dásamlega.



Bragð hunangsins veltur á því hvaða blómategundir býflugurnar sækja í og eitt af því sem Råd och Rön skoðaði var hversu margar tegundir af frjókornum voru í hverri tegund. Í einni hunangstegund fundust 59 ólík frjókorn frá tveimur heimsálfum.

Sundurliðun reiknings

Maður hafði samband við Neytendasamtökin en hann hafði keypt innréttingu og fannst reikningurinn heldur hár. Eftir samtali við fulltrúa Neytendasamtakanna hafði neytandinn samband við fyrirtækið og óskaði eftir sundurliðun á reikningnum sem hann og fékk. Kom þá í ljós að fyrirtækið hafði ofrukkað manninn um 23.000 kr. Beðist var velvirðingar á því og endaði þetta mál því vel. Það geta alltaf orðið mistök við afgreiðslu á vörum og þjónustu og því er er mikilvægt fyrir neytendur að fá sundurliðaðan reikninginn í hendur. Þeir eiga alltaf rétt á því.

Vandræði í vanilluræktun



Vanilla hefur alla tíð þótt munaðarvara en á undanförunum árum hefur eftirspurnin aukist og verð þar af leiðandi hækkað. Hvergi er ræktað meira af vanillu en á eyjunni Madagaskar þar sem 80.000 bændur sjá til þess að matgæðingar úti um allan heim geti notið þessa einstaka góðgættis.

Tímafrek og erfið ræktun

Það er langt í frá einfalt mál að rækta vanillu. Fræin á vanillublóminu eru óaðgengileg fyrir flesta fræbera auk þess sem blómin blómstra aðeins einu sinni á ári. Glugginn sem bændur hafa til að fræva plöntuna er einungis 8–12 tímar eftir blómstrun. Bændurnir verða því að skoða plönturnar á hverjum morgni og vera viðbúnir þegar kallið kemur. Ef tækifærið fer forgörðum verður bóndinn fyrir miklu fjárhagslegu tapi.

Samkvæmt upplýsingum á Vísindavefnum eru náttúruleg heimkynni vanilluplöntunnar í Mið-Ameríku þar sem hún vex villt við jaðar hitabeltisskóga Mexíkó. Aðeins þar verður frævun á náttúrulegan hátt. Talið er að á þessum slóðum hafi menn fyrst komist í kynni við vanillu en enginn veit þó nákvæmlega hvenær það var. Vanilluplantann var flutt til eyjunnar Réunion á Indlandshafi árið 1822 og til Míritíus árið 1827. Það var á eyjunni Réunion, um miðbik 19. Aldar, sem drengur að nafni Edmond Albius fann út hvernig væri hægt að handfræva blóm vanilluplöntunnar og þrátt fyrir að þessi aðferð sé mjög tímafrek hefur hún verið notuð alla tíð síðan. Níu mánuðum eftir frjóvgun eru fræbelgirnir teknir af plöntunni og sú vinna er ekki síður tímafrek því belgirnir verða að vera á hárrétu þroskastigi. Belgirnir eru grænir að lit á þessu stigi og bera þeir engin einkenni vanillu, hvorki lykt né bragð. Þeir eru því næst hitaðir til að stöðva gerjun, til dæmis með því að dýfa þeim í heitt vatn, og svo þurrkaðir í sól í nokkra mánuði. Ferlið frá frjóvgun plöntunnar til útflutnings tekur eitt ár.

Vanilluþjófar

Fréttakona frá BBC heimsótti Madagaskar til að kanna aðstæður vanillubænda og varð margs vísari. Þar sem vanilla er mjög dýr afurð er algengt að uppskerunni sé stolið. Í þorpinu Ambanizana á norðausturluta Madagaskar varð vanillubóndinn Leon fyrir

því að missa alla uppskeruna þegar þjófar létu til skarar skriða og tjónið kostaði hann heil árslau. Til að bregðast við þessari ógn hafa vanillubændur tekið upp á því að stimpla fræbelgina með nafni eða númeri sem hægt er að greina jafnvel eftir að belgirnir hafa verið þurrkaðir. En bændurnir hafa einnig þurft að verja sig fyrir ágangi þjófa og hefur það í sumum tilfellum leitt til ofbeldis og jafnvel morðs. Lögreglunni gengur illa að stemma stigu við ástandinu.

Fræbelgir tíndir of snemma

Brögð eru að því að fræbelgirnir séu tíndir of snemma. Bæði er um að ræða spákaupmennsku þar sem markmiðið er að selja uppskeruna á seinni stigum á herra verði en einnig eiga bændur það til að fara of snemma af stað til að koma í veg fyrir að uppskerunni sé stolið. Til að ná hámarksgæðum þarf hins vegar að tína fræbelgina á réttum tíma og ef það er ekki gert er hættan sú að eftirspurn eftir hinna margrómuðu Madagaskarvanillu minnki. Stjórnvöld á Madagaskar hafa því reynt að stöðva þessa þróun með því takmarka tínslu við ákveðna daga og til að sýna fram á alvarleika málsins hafa stjórnvöld kveikt í mörg hundruð kílóum af óþroskuðum fræbelgjum á torgum úti.

Milliliðir taka sitt

Vegna aukinnar eftirspurnar eftir ekta vanillu, t.d. í ísframleiðslu, hafa stórir matvælaframleiðendur stóraukið innkaup á vanillu, sem hefur þrýst verðinu upp. Hátt verð hefur bæði kosti og galla. Fyrir bændur á Madagaskar sem tekst að verja uppskeruna sína getur eitt gott ár skipt sköpum en þar sem vanilluræktun er arðvænleg starfsemi vilja margir fá hlut í kökunni. Sérstaklega eru það milliliðir og úttflytjendur sem raka inn peningum. Einn bóndi orðaði það svo í samtali við fréttamann BBC: „Það væri betra ef verðið lækkaði aftur. Við þénuðum ekki vel áður en við þurftum heldur ekki að lifa í ótta.“



Ekta vanilla eða bragðefni

Hin klassíska bourbon-vanillustöng er af mexíkósku yrki sem er ræktað víða en þó einna helst á Madagaskar. Svo er það Tahiti-vanilla sem er, eins og nafnið gefur til kynna, frá Tahiti og er mest ræktað í Frönsku Pólýnesíu. Gæðin á bæði bourbonvanillu og Tahitivanillu geta verið mismunandi allt eftir stærð fræbelgsins og meðhöndlun. Rétt eins og í vínækt hefur jarðvegurinn áhrif á bragð vanillunnar. Af Madagaskarvanillunni er fágætur rommkeimur og ljúffengur sætuilmur og er hún er fyrir vikið mjög eftirsótt í ísgerð. Þar sem vanilla er mjög dýr er algengast að vanillubragð sé fengið með bragðefnum en talið er að aðeins 1% af vanillubragðbættum matvælum í heiminum innihaldi ekta vanillu. Vanillubragðefni getur verið allt að tuttugu sinnum ódýrara en ekta vanilla. Ef matvara inniheldur ekta vanillu stendur einfaldlega vanilla á innihaldslýsingu. Ef hins vegar er um að ræða bragðefni á að standa vanillubragðefni (vanilla flavour eða artificial vanilla).

Gæðakönnun á vanillustöngum

Hægt er að kaupa ekta vanillu í ýmsu formi, svo sem vanillustöngir, vanillusykur og vanilluextrakt. Vanillukorn úr þurrkuðum vanillustöngum eru gjarnan notuð þegar virkilega á að vanda til verka. Danska neytendablaðið Tænk gerði gæðakönnun á 14 tegundum vanillustanga en sérfræðingar mátu bragð og gæði vanillunnar og mældu magn vanillukorna í hverri stöng.

Verðið segir ekki allt

Vanillustöngirnar voru vigtaðar og því næst voru vanillufræin skafin innan úr stöngunum og vigtuð sérstaklega til að hægt væri að sjá svart á hvítu hvert væri hið raunverulega kílóverð. Í ljós kom að mjög misjafnt er hversu mikið af vanillukornum er í hverri stöng. Þannig var ekki endilega samhengi milli verðs

og magns vanillu í stöngunum. Vanillustöngin sem fékk hæstu einkunn, Tørsleffs Tahiti Polynesien, var með þeim dýrari en innihélt mikið magn vanillukorna og þóttist bragðast afar vel. Þá þóttu vanillustöngir frá Grøn balance, Tørsleffs Bourbon og Ånglemark Bourbon einnig bragðast mjög vel.

Umbúðafargan

Það er ómögulegt fyrir neytendur að vita hvort vanillustöng inniheldur mikið eða lítið magn vanillukorna þar sem stöngunum er vandlega pakkað inn, oftast en ekki í gler sem síðan er plastað. Það er ekki að ástæðulausu að svo vel er lagt í pakkningarnar sem eru gjarnan mun þyngrri en stöngirnar sjálfar. Innflytjandi sem Tænk ræddi við sagði mikilvægt að pakka stöngunum inn í glerglas til að viðhalda raka í þeim. Þá þurfi að pakka glerglasinu í plast og pappu þannig að fólk geti ekki opnað glösin og þreifað á stöngunum. Ráðgjafi Tænk segir þó ekkert því til fyrirstöðu að pakka vanillustöngum í lofttæmdar plastumbúðir, eins og einhverjir framleiðendur gera nú þegar, og minnka þannig umbúðamagnið.

Heimild BBC og Tænk

FJÖLNOTA POKAR ERU FRAMTÍÐIN

Vínbúðirnar hafa á boðstólum úrval af fjölnota pokum fyrir viðskiptavini.



HÁR SVARTUR með
2 hölfum fyrir vínflöskur

150 KR.



STÓR SVARTUR með
12 hölfum fyrir bjórflöskur

200 KR.

Stöndum með
náttúrunni og
veljum fjölnota!



120 KR.
SVARTUR

150 KR.
GRÁR

180 KR.
RAUÐUR

 VÍNBUÐIN